



Borgarráð

Tillaga um breytingu á heildstæðri athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins til samræmis við nýsamþykkt lög

Lagt er til að borgarráð samþykki að d. liður umfjöllunar í greinargerð með tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs 10. mars 2022 um að kjósa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld verði breytt til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. nýsamþykktu laga um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa með eftirfarandi hætti:

d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 10. mars 2022 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að kjósa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Í greinargerð með tillögunni voru tilgreind markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar í sex stafliðum. Með vísan til nýsamþykktu laga um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa er lagt til að borgarráð samþykki að d. liður umræddrar umfjöllunar verði breytt til samræmis við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna með eftirfarandi hætti: *Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.*

Jafnvel þótt að umrædd breyting verði talin rúmast efnislega innan orðalags þeirrar tillögu sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 10. mars 2022 og getið er um hér að framan, þá er engu að síður lagt til að þessi breyting verði samþykkt í því skyni að fullt samræmi sé á milli ákvæða hinna nýsamþykktu laga og greinargerðar með tillögu borgarráðs um málið.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri